

I. UMLUKT


Umlukt verður ný viðbygging við hjúkrunarheimilið á Höfn í Hornafirði og mun rúma íbúðir fyrir 30 eldri íbúa ásamt starfsfólki, með útsýni yfir fjörðinn. Byggingin er hugsuð þannig að hún veiti á sama tíma tilfinningu fyrir flæði og uppbroti: samanstendur af raðhúsum sem mynda eina heild í kring um sameiginlegan garð. Í stað þess að fylgja hinum hefðbundna stóra mælikvarða opinberrar byggingar, þykir hönnunar-samsetningin ná fram minni mælikvarða íbúðareininga, sem veitir tilfinningu um eignarhald heimilisins og tilheyrir notendum sínum. Fótspor byggingarinnar nýtir byggingarleitinn til fulls og býr á sama tíma til opin og fjölnýtanleg rými. Efnisval er fjölbreytt enn fríðsælt. Útveggir eru forsteyptar samlokueiningar með burðarvegg úr steypu. Þakvirki er hvítt málmþak sem tengist núverandi byggingu. Innri rými einkennast af við og ljósum flötum. Kapellan er klædd með dökkum við og er hún staðsett innan byggingarreitsins en aðskilin frá hjúkrunarheimilinu. Innra rými kapellunnar er hugsuð sem gríðarstaður með ofanljósi. Frá kapellunni liggur gönguleið í átt að firðinum.

Tekið var tillit til einstakrar náttúruvegurðar staðarins. Sérhver íbúð hefur beint útsýni yfir fjörðinn en sameiginlegu rýmin vísa að verönd og inngarði sem býður uppá virka útivist. Á hjúkrunarheimilum eru ávallt mismunandi þarfir og óskir. Í þessum skilningi eru sumar íbúðir staðsettar nálægt sameiginlegum rýmum fyrir virkustu íbúana, á meðan öðrum er veitt fríðsælla umhverfi. Bæði hið innra og ytra rými býður upp á möguleika til næðis eða þátttöku í félagslegum athöfnum. Á þennan hátt býðst íbúum tækifæri ýmist til að njóta kyrrðarinnar eða vera í virkara umhverfi, þó svo að heildarskipulag hjúkrunarheimilisins byggist á þeirri grundvallarreglu að heimilin séu hvött til virkar þátttöku í daglegu lífi.


Núverandi bygging er nýtt undir viðbótarrými sveitastjórnar og eru inngangar varðveittir fyrir bæði viðbótarrými og hjúkrunaraðstöðu. Tillagan nýtir innra flæði núverandi byggingarinnar og bætir aðeins við einni þjónustulyftu fyrir framleiðslueldhúsið sem tengist sameiginlegum rýmum á skilvirkan hátt og auðveldar vinnuferli. Hjúkrunarheimilið samanstendur af þremur íbúðareiningum. Eingingin sem staðsett er á hæð við inngang hýsir 12 íbúðir. Einni hæð neðar eru íbúðareiningar sem hýsa 8 og 10 íbúðir. Starfsmannarými og stoðrými eru staðsett á milli eininga og lóðréttra tenginga sem stuðlar að skilvirku vinnuferli. Mislengar gönguleiðir innan byggingarinnar bjóða upp á margbreytileg sjóntengsl og sveigjanleika í nýtingu.

Tillagan byggir á fjórum stoðum: hellsu og vellíðan, áframhaldandi lífsmenntun, félagslegri þátttöku og öryggi. Að ferli loknu mun þessi viðbót leiða til mikilla umbóta á núverandi aðstöðu, þar sem fjölbreytt starfsemi mun stöðja við íbúðareiningarnar. Þakform er fram-lenging af núverandi þaki og umlykur “leynilegan garð” sem veitir heimilismönnum, gestum og starfsfólki sameiginlegan íverustað sem stuðlar að samheldni.


II. UMLUKT



- 1-Kapellá - 25.2m2
- 2-Likhús (geymsla f. 4) - 15.4m2
- 3-Tækirými fyrir innitök, stjórnbúnað ofl. - 20.4m2
- 4-Salerni fáttaðra - 6m2
- 5-Salerni - 3m2
- 6-löbujálfun - 16.4m2
- 7-Sjúkrabálfun - 31.2m3
- 8-Fjölnota salur - 60m2
- 9-Dagvist með baðaðstöðu - 41.5m2
- 10-HárgreiddalFótsnyrting (samnýtt) - 20.2m2
- 11-Sjúkrarými 1 m - 15.3m2
- 12-Sjúkrarými 2 m 19.6m2
- 13-Skrifstofurými fyrir stjórnendur - 10.6m2
- 14 -Fundarherbergi - 16.6m2
- 15-Skol og þvottur - 12.1m2
- 16 -Framleiðslueldhús ásamt fylgrymmum - 49.7m2
- 17 -Borðstofa, setustofa, eldhús - 100m2
- 18-Starfsmannaaðstaða - 16.3 m2
- 19-Geymsla 2.6m2
- 20-Starfsmannaþjónusta lyfta
- 21-Lyfta
- 22-lóðir
- 23-Geymsla fyrir hjálpartæki með hleðslumöguleika - 15m2
- 24-Starfsmannaaðstaða - 16.4 m2
- 25-Skol og þvottur - 12.2m2
- 26-Búningaáðstaða starfsfólks - 24.5m2
- 27 -Borðstofa, setustofa, eldhús - 100m2
- 28-Geymsla - 4.3m2
- 29-Starfsmannaaðstaða - 17.8m2
- 30-Skol og þvottur - 12.5m2
- 31-Geymsla - 1.9m2
- 32 -Borðstofa, setustofa, eldhús - 100m2
- 33 Geymsla - 2.7m2
- 34 -Gröðurhús
- 35 -Geymsla fyrir rafskutlur
- 36-Sorggeymsla
- 37 -Hjólaskýli



Grunnmynd-neðri hæð 1 | 200



Grunnmynd - efri hæð 1 | 200




III. UMLUKT



INNANGANGUR SÉÐ FRÁ GÖTU



Afstöðumynd 1 | 2000



IV. UMLUKT



HÖRFET Í ÁTTAÐ INNGARÐI



Módel - Loftmynd

